

22. júní 2026

Mál nr. 2/2026

Áfrýjunardómstóll ÍSí

Skautafélag Akureyrar

gegn

Skautafélagi Reykjavíkur (aðalfélagi) og

Skautafélagi Reykjavíkur (íshokkideild)

Dómur

Máli þessu var áfrýjað með áfrýjunargreinargerð, dagsettri 29. apríl 2026. Áfrýjandi, Skautafélag Akureyrar, krefst þess að dómi dómstóls ÍSí frá 22. apríl 2026 í máli nr. 3/2026 verði hrundið og að staðfest verði að Skautafélag Reykjavíkur hafi teft fram ólöglegum leikmanni, sbr. ákvæði reglugerðar ÍHÍ nr. 9 um félagaskipti, og að félagið verði beitt þeim viðurlögum sem tilgreind eru í 1 og 2. mgr. 1. gr. og 2. gr. reglugerðar ÍHÍ nr. 3 um viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna. Stefndu, Skautafélags Reykjavíkur (aðalfélag) og Skautafélag Reykjavíkur (íshokkideild), krefjast þess að dómur dómstóls ÍSí verði staðfestur.

Málið var dómtekið 12. júní 2026 eftir að aðilar höfðu gert grein fyrir sjónarmiðum sínum.

I.

Málsatvikum og sjónarmiðum aðila er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi og vísast þar um til þess sem þar kemur fram.

II.

Hvorki í d-lið 10. gr. reglugerðar ÍHÍ nr. 9 né í öðrum ákvæðum reglugerðarinnar er afmarkað hvað felist í hugtakinu deildarkeppni í skilningi ákvæðisins. Með umræddu ákvæði er mælt fyrir um takmörkun á þátttöku leikmanna án félagaskipta í deildarkeppnum. Í ljósi þess verður ekki beitt rúmri skýringu á því hugtaki. Að þessu gættu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Dómurinn er kveðinn upp af Helga Sigurðssyni, Helgu M. Óttarsdóttur og Huldu Árnadóttur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

